

Laufblaðið



Gefið út af Landsamtökum áhugafólks um flogaveiki
2. tölublað • 12. árg. • 2003

Laufblaðið

Ritstjóri

Jónína Björg Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri Laufs

Jón Snævarr Guðnason

Starfsmaður

Margrét Njálisdóttir

Auglýsingar og styrktarlínur

PSN – samskipti ehf.

Prentvinnsla

Ísafoldarprentsmiðja

Blaðið er sent félagsmönnum og styrktaraðilum

Prentað í 1.500 eintökum

Gefið út af:

Landssamtökum áhugafólks um flogaveiki

LAUF

Hátúni 10b

105 Reykjavík

Sími: 551-4570

Bréfsími: 551-4580

Netfang: lauf@vortex.is

Heimasíða: www.lauf.is

Skrifstofan er opin frá klukkan

9.00 til 15.00 alla virka daga.

Upplýsingar, ráðgjöf og fræðsluefni

Stjórn Laufs

Guðrún Margrét Björnsdóttir, formaður

Páll Tómas Viðarsson

Garðar Steinþórsson

Þorlákur Hermannsson

Gerður Torfadóttir

Varamenn; Hallsteinn Sigurðsson

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Lauf á Akureyri

Jóhanna Gunnlaugsdóttir formaður

Sími: 461-4353

Forsíða

Jólastermning í Reykjavík

Ljósmynd; Jón S. Guðnason



Efnisyfirlit

Bls

Að halda ótrauð áfram og gera flogveikina

ekki að aðalatriðinu!

Viðtal við Hilmi Snæ Guðnason leikara 3

Flogaveiki og ökuréttindi 10

Auga Hórusar

– ungt fólk með flogaveiki í Evrópu 15

9. Evrópuráðstefnan um flogaveiki og

samfélag – á Möltu 18.-20. mars 2004 21

Flogaveikur – með flogaveiki 22

Gefin hefur verið út aðvörðun í Bretlandi

fyrir konur með flogaveiki á barneignaaldri

sem þurfa að taka valpróinsýru 23

Krakkahornið 24

Ketógenískt mataræði gæti einnig hjálpað

fullorðnum 25

Fjölskylduferð félagsins að Reynisvatni 27

Spjall frá skrifstofu 28

Að halda ótrauð áfram og gera flogaveikina ekki að aðalatriðinu


Viðtal við; Hilmi Snæ Guðnason leikara – Jónína Björg Guðmundsdóttir

Inngangur og kynning

Lífið tekur oft óvænta stefnu, sumt er fyrir-sjáanlegt en annað kemur eins og þruma úr heiðskýru lofti. Frá því Hilmir Snær Guðnason hóf sinn leikaraferil hefur hann óneitanlega verið mjög virkur og tekið að sér fjölmörg hlutverk við Þjóðleikhúsið. Má þar nefna Myshd-in í Fávitanum, Riff í West Side Story, Davíð í Þreki og tárur, Gunnar Frey í Hamingjuráninu, Giovanni í Leitt að hún skyldi vera skækja, Saljoní höfuðsmaður í Þremur systur, titilhlutverkið í Hamlet, en fyrir það hlut hann Menningarverðlaun DV, Ivan í Listaverkinu, Jónatan í Bróðir minn Ljónshjarta, Hreinn Lúðvík Björnsson í Tveim tvöföldum, Hippólitos í Fedru og Þeseifur og Óberon í Draumi á Jónsmessunótt og Jimmy Porter í Horfðu reiður um öxl. Einnig lék hann í söngleikjunum Hárinu og Rocky Horror hjá Flugfélaginu Lofti og Estragon í Beðið eftir Godot í Borgarleikhúsinu. Hann lék í kvikmyndunum Agnesi, 101 Reykjavík, Englum alheimisins, Myrkrähöfðingjanum, Reykjavík — Guesthouse og Hafinu. Einnig hefur hann leikstýrt nokkrum verkum. Óhætt er að segja að Hilmir Snær sé fjölhæfur leikari eins og afrek hans bera vitni um. Fyrir rétt tæpum 10 árum, þegar hann var 25 ára gamall, og nýútskrifaður úr Leiklistarskóla Íslands fékk hann sitt fyrsta flogakast. Þrátt fyrir mikið annríki, gafst tími til að spjalla, yfir heitu kaffi, um lífið og tilveruna og þau örlög sem lífið „úthlutar“ manni stundum. Hilmir Snær ber með sér heimsborgaralegt yfirbragð, glaðbeittur nágunni og stutt er í brosið og glaðlegan hlátur. Hann hefur verið óhæddur við að segja frá flogaveiki sinni og flestöll ungmenni sem eru að takast á við lífið með flogaveiki vita af þessum fjölhæfa leikara og flogaveiki hans. Það er mikil styrkur af einstaklingum eins og Hilmi Snæ sem kemur fram og ræðir hlutina af einlægni og hispursleysi.

Fyrsta flogakastið á leiksviði

Þegar leikaraferilinn hófst fékk Hilmir Snær fljótt margskonar hlutverk og önnur verkefni, allt gekk rosalega vel. Hilmir Snær hefur frásögn sína á því að ræða hvernig þetta byrjaði allt saman. „Hjá mér byrjaði flogaveikin á sviði, 1994, í mínu fyrsta hlutverki í leikhúsinu. Ég var nýkomin á samning hjá Þjóðleikhúsinu og þá kom þetta fyrst fyrir. Þetta gerðist yfirleitt þegar ég var að vinna“.



Í Veislunni.



Í Ríkarði þriðja.

Hilmir Snær hafði aldrei fundið fyrir neinu slíku en segir, „það sem mig grunar samt helst er að ég hafi verið búin að brenna kertið mitt í báða enda. Búin að ofkeyra mig, við lékum mikið og vorum voðalega glöð að vera leikarar, mikið í partfúm, kannski var þetta of mikið. Ég held að ég hafi farið yfir eitthvað ákveðið strik. Ég held að þetta búi í hverjum einstaklingi að einhverju leiti, þú getur farið yfir strikið og klárað orkuna þína. Svo þarf maður bara að reyna að hlaða batteríin aftur þannig að þetta verði ekki ævarandi“. Upp í huga leikarans komu efasemdir um það hvort hann gæti haldið áfram að leika og hann segist hafa hugsað, „ég get ekki verið leikari sem á það til að detta í gólfíð, bara við minnsta tilefni, og klára ekki sýn-

ingarnar mínar. Þegar ég fór á tímabili að fá kast á tíu daga fresti, þá hugsaði ég þetta gengur bara ekki, ég get ekki unnið þessa vinnu. Það sem varð til að breyta þessari ákvörðun minni var að skipt var um lyf og ég ákvað að gefa því tækifæri“.

Hilmir segir að þegar hann hugsi til baka þá sjái hann ýmislegt sem sennilega geti bent til þess að hann hafi haft einhver einkenni á sínum menntaskólaárum. Þegar hann fór að rifja upp ákveðna þætti í fari sínu þá sá hann að eitthvað sem hann hélt alltaf áður að væri eðlilegt benti til þess að hann hafi stundum dottið út. Í fyrstu hafi hann haldið að hann væri bara svona annars hugar eins og hann segist vera. Í samræðum við fólk náð hann að þróa ákveðinn samræðustíl. „Stundum var þetta bara þannig að ég hafði hreinlega algjörlega misst af því sem manneskjan var að tala um. Ég greip svona síðustu setninguna og sagði, já var það, fóruð þið þangað, og svo héldu samræðurnar áfram. Ég var orðin meistari í þessu“. Eftir að hann greindist með flogaveiki ræddi hann við aðra, las sér til og reyndi þannig að fræða sjálfan sig. „Ég var með hann Gunnar Guðmundsson heitinn við töluðum óskaplega mikið saman um þetta þegar ég var að byrja að fá köst, við eyddum miklum tíma í það“. Fræðsla er mikilvæg en það eru takmörk fyrir því hvað hún hjálpar. „Það er hægt að fræðast upp að ákveðnu marki en svo er komið að því marki þar sem þú veist ekki meir. Mikið af þessu er, held ég, sálrænt,“ segir Hilmir Snær.

Örlög og það sem ég þarf að kljást við

Hilmir Snær finnur alltaf fyrir ákveðum einkennum annað slagíð sem hann lítur á sem viðvörunarbjöllu. „Þá veit ég að ég er illa fyrirkallaður og þá veit maður líka alltaf að von er á þessu. Því ég hef alltaf séð stjórnur fyrir flogkast. Stundum kemur það daginn eftir eða eftir tvo tíma eða eitthvað svoleiðis. Þá verð ég alltaf voðalega hræddur. En ég held að megin ástæðan fyrir því að ég hef sloppið við þetta, svona að megninu til síðustu árin, sé sú að ég lét þetta í einhverra annarra hendur en mínar, einhverra æðri forlaga. Ég bara ákvað að vera ekki að stressa mig af því að maður getur svo lítið gert þegar þetta kemur fyrir hvort eð er. Þó þú finnur fyrir einhverjum einkennum, þá verður þú að róa þig niður og segja þetta kemur þá bara fyrir ef það kemur fyrir, það er ekkert sem ég get gert“.

„Ég er rosalega mikið örlagatrúar. Þetta er bara lagt fyrir mig til þess að ég sé ekki svona merki- legur með mig og komi aðeins niður á jörðina. Ég er bara ekki einhver stórkostlegur leikari sem sigli seglum þöndum heldur þarf ég að vera niðri á jörðinni og verð að kljást við eitthvað“. Í fyrstu segist Hilmir Snær hafa verið bæði reiður og hræddur og með vangaveltur um af hverju hann þyrfti að lenda í þessu. Síðan segist hann hafa hugsað að það væri bara verið að kenna sér eitthvað og að þetta sé lexía í lífinu fyrir hann að læra. „Það er bara einhver, hvort það er til guð eða eitthvað úr fortíðinni, sem er að leggja smástein í götu mína til að ég læri eitthvað.“

Það sem við getum gert er að reyna að lifa hóf- samlegu lífi og sofa vel og borða vel. Í mínu starfi, sem miklar sveiflur eru í, er þetta ekki alltaf hægt og svefninn getur farið forgörðum á álags- tímum, maður gleymir að borða og hitt og þetta. Það hefur reynst mér best að vera ekki að stressa mig og bara gleyma því jafnvel að ég sé með þennan sjúkdóm, nema að muna eftir því að taka töflurnar. Ekki afneita því heldur bara að lifa sínu lífi og vera ekki hræddur við þetta. Það tók tíma fyrst en stundum, þegar ég hef fundið einhver ein- kenni þegar ég er að leika, hef ég bara dúndrað því í burtu. Ég held að það geti verið svo mikil ástæða fyrir þessu að maður sé hræddur“. Hilmir Snær segist einnig hafa fengið flog þegar hann var reiður út í sjálfan sig og fannst hann ekki vera nógu góður. Segist hafa gert ofsalegar kröfur til sín. „Það eru kröfur og aðstæður sem geta leyst þetta úr læðingi. Það getur verið hræðsla við að vera á einhverjum skrítnum stað, vera í jarðarför og á þeim stöðum þar sem þér finnst þú ekki mega, absalút ekki mega, fá svona kast,“ segir Hilmir Snær og hlær. „Yfirleitt þegar þú ert með þessa veikni á mínu stigi og fær kast svona sjaldan þá er það oft tengt álagi. Ég hef aldrei fengið kast heima hjá mér. Þetta gerist alltaf þegar álag er og maður þarf að læra að minnka kröfurnar á sjálfan sig. Gera þær ekki svona ómannlegar.“

Læra sín takmörk og líka að gefa fólki mögu- leika, fólkið í kringum þig sér um þig, ef þú færð kast þá sjá einhverjir aðrir um þig. Þetta er ekki það hræðilegasta í heimi. Þó þú fáið kast ert þú bara veikur og fólk er meira hrætt um þig heldur en að segja voðalega er hann ógeðslegur eða öm- urlgur. Flogaveiki má ekki verða aðalatriðið í líf- inu, sjúkdómurinn má ekki verða þín persóna, þú

verður að setja hann fyrir aftan þig og lifa með honum en hann má ekki vera þú. Ég held að það sé aðalatriðið. Þó við séum með þennan sjúkdóm, þá er þetta ekki það versta í heimi. Við getum gert allt, næstum því allt“.

Breytt líferni skiptir máli

Hilmir Snær segist hafa skoðað líferni sitt og séð að ýmislegt var hægt að gera til að bæta það. Á þessu tímabili (þegar hann greindist) var voða gaman. „Við vorum mikið að drekka bjór og mik- ið úti á lífinu og auðvitað hefur það átt sinn þátt í þessu, að það var svolítið sukk. Ég fór að skoða líferni mitt og ákvað að gefa þessu sjéns með því að breyta einhverju, ég var ekki vanur að borða heilu dagana. Ég borðaði aldrei morgunmat og sjaldan hádegismat en kvöldmat svona og svona“. Í dag segist Hilmir Snær alltaf borða eitthvað á morgnanna, í hádeginu og á kvöldin. „Það er mik- ilvægt að borða alltaf eitthvað í hverju máli og reyni að sofa vel, ef ég næ ekki tveim til þrem nóttum, þá nota ég mánudagskvöldið til að sofa vel. Fer bara að sofa níu einu sinni í viku og jafna það þannig út. Ef ég hef ekki náð nægum svefni reyni ég að ná einhverjum lúr á miðjum degi, 20 mínútur geta gert kraftaverk“. Ýmsir ytri þættir geta haft áhrif á næmni okkar fyrir því að fá floga- kast. Hilmir Snær segist vera mjög viðkvæmur fyrir miklu sólskini og hita. Því hafi verið erfitt að taka upp myndina í Þýskalandi í 35°C hita og sól. Einnig geta t.d. blikkandi ljós, ljósaskiptin og skil milli ljós og skugga haft áhrif. Hver og einn verður því að skoða sitt líferni og kanna hvort það er eitthvað í umhverfinu sem hefur áhrif. Fólk er misviðkvæmt fyrir slíkum hlutum.

„Þurfum ekki að verða einhverjir púritanar“

„Það er hægt að segja við sjálfan sig, OK, núna er ég ekki í ástandi til þess að fá mér t.d. bjór, ég er þreyttur, illa fyrirkallaður og ég þarf að vinna mikið á morgun. Þú verður að finna þér dagana það er engin ástæða til að hætta öllu og verða ein- hver púritani. Þú verður að vita að t.d. á morgun getir þú sofð út og eins og einn lækurinn sagði við mig; ef þú ætlar að fá þér bjór og fara í veislu þá skaltu líka fá þér einn pilsner daginn eftir til jafna aðeins út áhrifin. Við verðum að geta gert ráð fyrir öllu og reyna að lifa lífi okkar þannig „smútlí“. Vita að við getum sofð út og jafnað

okkur, þannig að við verðum að velja dagana, þá er þetta bara fínt.

Þetta er kannski líka til góðs því maður hefur lært svo mikið á sjálfan sig. Maður þarf að vera í viðtali við sjálfan sig, hvað er það sem gerir mig stressaðan, við hvað er ég hræddur? Þegar maður spyr sig þessara spurninga þá fer maður að átta sig; já, er ég hræddur við þetta, en hvernig get ég unnið bug á því? Hvað óttast ég? Er þetta svona agalegt? Þá uppgötvar maður oftast en ekki að maður er að gera stórkostlegar kröfur til sjálfs sín sem kannski enginn annar er að gera. Þannig að oftast er maður að óttast sjálfan sig mest af öllu og þær kröfur sem maður sjálfur gerir. Núna er ég búin að eiga mjög gott tímabil, eftir að lyfjunum var breytt, samt sem áður hef ég fengi eitt kast og það var á tímabili sem ég gleymdi að taka lyfin, maður verður alltaf að muna það. Líka að koma sér upp ákveðnu kerfi af því að ég var bara stundum þannig að ég var með lyfin í boxi, tók eina á morgnanna og eina á kvöldin. Svo var ég oft búin að gleyma korteri seinna, hvort ég tók pillu áðan eða ekki. Maður verður að hafa kerfi á þessu og setja í boxið á kvöldin, pillurnar fyrir morgundaginn svo maður muni þetta. Já og helst að vera alltaf með tvær í vasanum ef það kemur eitthvað upp á og þú nærð ekki að fara heim til þín eða þarft að fara eitthvað annað“.

Eigin viðbrögð, hræðslan oft erfiðust

Það er nauðsynlegt að þora að horfast í augu við eigin ótta og spyrja sig spurninga. „Hvað er það hræðilegasta sem gæti gerst? Er það að fá áfall núna á þessum stað? Er það svo hræðilegt? Í fyrsta lagi þá veit maður ekkert af því ef það gerist og maður vaknar upp í góðu sjúkrarúmi og þetta er bara búíð. Þetta er ekki svo hræðilegt fyrir okkur. Það er miklu verra fyrir þá sem á horfa. Þeir þurfa að koma þér á staðinn. Það slokknar bara á kerfinu hjá okkur.

Það er líka alveg sérstakur varnarmekanismi í manneskjunni. Maður finnur það voðalega vel þegar maður vaknar úr flogakasti hvað maður er ofsalega mikið að verja sjálfan sig. Það er veifað framan í mann þrem puttum og maður er spurður hvað þeir séu margir og maður veit það ekki, þegar maður vaknar úr stóru krampakasti, maður sér þá og veit hvað þeir eru margir en man ekki töluna þrír. Maður veit alveg hvað maður heitir en samt getur maður ekki borið fram nafnið sitt, veit hvar

maður á heima en man samt ekki götuheitið þegar maður er spurður. Þegar ég vakna þá segi ég bara; láttu ekki svona. Vertu ekki að spyrja svona asnalega spurninga auðvitað veit ég þetta, hvað er þetta. Þannig að maður fer fljótlega í vörn og það er þessi vörn, þessi varnarmekanismi, sem þarf að laga í sambandi við köstin. Segja við sjálfan sig það er allt í lagi þó að ég fái kast, ef þetta kemur fyrir þá bara kemur það fyrir. Það eru æðri máttarvöld sem sjá um þig þá eða þetta er kannski til að kenna þér á sjálfan þig. Kannski til að segja við sjálfan þig, ég þarf ekki að verja mig svona mikið fólk er ekki svona fjandsamlegt það gerist ekkert alvarlegt þó að þú upplýsir samfélagið um að þú sért með flogaveiki. Það er í lagi að sýna smá veikleika. Við erum svo hrædd við að sýna veikleika að það er alveg ótrúlegt, við þurfum ekki að vera svona hædd við það. Eins og Dostojevskíj sagði, hann var nú líka flogaveikur, hann sagði að hvert einasta mannsbarn er annað hvort veiklundaðra eða barnalegra en þú heldur við fyrstu sýn. Þessu trúi ég, það eru allir veikari og barnalegri en þú heldur við fyrstu sýn. Allt fólk er með sína grímu þess vegna þurfum við ekki að halda að við séum eitthvað verri en aðrir og þurfum ekki að leyna okkur svona mikið og vera svona hrædd. Við eigum að vera hugrakkari. Við erum meira en sjúkdómurinn“.

Viðhorf annarra

Hilmir Snær segir að hann hafi aldrei mætt öðru en skilningi, vináttu og hlýju. „Fólk hefur bara orðið hrætt um mig og sagt við mig þú verður nú að passa upp á líferni þitt, það hefur aldrei verið nein andstyggð eða eitthvað; segir Hilmir Snær og leggur áherslu á orð sín, engin andúð eða fordómar. Ég held líka að svoleiðis fordómar séu á hraðri leið út í hafsauga og komi aldrei aftur. Ég held líka að því fleiri sem eru með þetta og tali um þetta því betra. Við eru með fordóma fyrir því sem við þekkjum ekki. Ef við bara tölum um flogin eins og að fá kvef þá verður þetta á endanum eins og að fá kvef.“ Hilmir Snær segist hafa heyrt um aðra leikara með flogaveiki en þeir hafa ekki gefið sig á tal við hann. „Mig grunar að þetta sé eldra fólk af því að á þeim tíma voru meiri fordómar“. Hann bætir við að Brad Pitt hafi einhverju sinni í viðtali sagt að hann væri einnig með flogaveiki.



Tveir góðir saman, Stefán Karl Stefánsson og Hilmir Snær í „Með fulla vasa af grjóti.“

Sjúkdómurinn má ekki skyggja á þig


„Mitt ráð til þeirra sem eru með flogaveiki, er að hugsa, er þetta ekki bara áskorun ef við lítum á þetta sem kost eða lexíu, hvað gerum við þá? Er ekki bara verið að segja okkur þú getur verið stærri, þú getur verið meiri manneskja. Kannski er þetta bara snillingasjúkdómur; segir Hilmir Snær og hlær. Kannski er þetta til að styrkja okkur, til að segja hvernig getum við unnið með þessum sjúkdómi og hverjir eru mínir styrkleikar fyrst þetta er minn veikleiki. Getur mín sál sigrast á þessum sjúkdómi þarf ég að líta hann svo alvarlegum augum eða get ég bara sigrast á honum, flotið yfir hann. Hann verður alltaf þarna til að minna mig á. Þurfum við að hafa hann fyrir framan eða getum við sett hann fyrir aftan eða til hliðar? Ef við höfum hann fyrir framan okkur þá skyggir hann á okkur en ef við setjum hann til hliðar eða fyrir aftan þá er hann þarna en skyggir ekki á okkar persónu. Sjúkdómurinn er ekki sá sem þú ert hann er bara hluti af þér. Það eru svo margir sem gera sjúkdóminn að því sem þeir eru og þá skín persóna þeirra ekki í gegn. Hugsid ykkur hvað hefði gerst og hvað ég hefði snuðað

sjálfan mig, ef ég hefði hætt í leiklistinni af því ég var svo hræddur við að fá flogaköst. Ég væri ekki búin að leika öll þessi hlutverk“.

Þú hefðir líka snuðað fullt af fólki, þar sem þú hefur verið mjög ötull og átt mörg frábær hlutverk bæði á sviði og á hvíta tjaldinu.

„Já, kannski það, segir Hilmir Snær, hógvær og hlær. Hugsid bara hvað hefði gerst hvar væri ég þá, væri ég ánægður, væri ég hamingjusamur? Ég hugsa ekki, ekki eins, af því ég hefði alltaf hugsað, þetta er það sem ég ætlaði að verða en varð ekki. Þá hefði ég sett sjúkdóminn fyrir framan og hann hefði alltaf skyggt á mig. Það má ekki hafa hann sem aðalatriðið, við erum aðalatriðið. Þetta er eins og persóna sem þú þarft að tala aðeins við; ert þú til í að halda þér fyrir aftan; segir Hilmir Snær og blakar hendinni aftur fyrir sig eins og hann sér að vísa einhverjum þangað. Ég ætla ekki að hafa áhyggjur af þér, þú ert bara með mér. Mér fannst mjög gaman að hlusta á viðtal við einhverja stelpu sem var með krabbamein. Hún var að segja að hún hafi boðið sjúkdóminn velkomin, sem var krabbameinið. Mér fannst þetta svo flott

Minningakort, Laufs, Landssamtaka áhugafólks um flogaveiki




Til minningar um

*hefur LAUF Landssamtök áhugafólks um flogaveiki
fengið minningargjöf.*

Með innilegri samúð.

_____ 19____



*Lauf vill minna velunnara sína á minningakort félagsins
sem eru til sölu á skrifstofunni í síma 551-4570.
Þeim sem keypt hafa kort á undanföllum árum eru færðar bestu þakkir.*



Jólakvæðja

Til félagsmanna og annarra velunnara Laufs

*Lauf — Landssamtök áhugafólks um flogaveiki þakkar öllum sem stutt
hafa starfsemi samtakanna.*

*Stuðningur félagsmanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga við
samtökin er okkur mjög mikilvægur.*

*Lauf þakkar öllum þeim fjölmörgu sem stutt hafa starfsemi samtakanna
undanfarin ár og óskar þeim öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Stöndum saman og styðjum fólk með flogaveiki

Landssamtök áhugafólks um flogaveiki

hjá henni, hún kallaði hann frænku og frænka fékk að vera í húsinu, sem var þá líkami hennar, gaf henni eitt herbergi og í lokin sagðist hún hafa kvatt hana. Þannig að hún var þarna og fékk eitt herbergi en ekki allt húsið. Ég held að það sé einmitt ofsalega gagnlegt fyrir ungt fólk að láta þetta ekki verða sér svona mikil fjötur um fót. Láta þetta ekki verða aðalmálið og útiloka sig frá ýmsu heldur halda ótrautt áfram“. Hilmir Snær segir að við höfum öll sterk bein og að það sé mikil fjarstæða að gera sjúkdóma að persónunni sem við erum.

Verðum að láta alla vita!

Þú lést þetta ekki stoppa þig þrátt fyrir að fá flogakast fyrir fullu húsi?

„Já, það má segja, ég lenti í ofsalegri reynslu. Það er líka einn hlutur sem við gleymum; maður verður að láta alla vita. Það vita allir í mínum hópi að ég er með flogaveiki. Ég geri stundum bara grín að þeim og þykist vera að fá kast. Ef við嫩num ekki að sýna þá segi ég bara, á ég ekki að fá eitt kast þá getum við farið heim, reyni þannig að vera léttur yfir þessu. Þegar ég fór til Þýskalands þá sagði ég; svo er það bara eitt; ég er flogaveikur ef eitthvað kemur upp á þá vitið þið af því að þetta gæti komið fyrir. Þá vita þetta allir og ganga að því sem vísu. Þá ert þú strax búin að losa þig við einn stressþátt. Þú þarft ekki að vera að leyna því að þú sért flogaveikur bera það eitthvað í hljóði og vera skíthræddur, vá, ef ég fæ kast hérna og aðstæðurnar eru svona. Í staðinn getur þú sagt, heyrðu mér líður svolítið illa í dag, þetta er svolítið skrítið, hérna, get ég verið með sólgleraugu á milli taka. Já, já að sjálfstögu ekkert mál, ef allir vita af þessu. Maður á aldrei að leyna því ef þú ert að sækja um vinnu einhversstaðar, þá bara segir þú það. Þetta kemur sjaldan fyrir en ég er svona og svona þá ert þú ekki að leyna því. Þá ganga allir að hreinu borði og þú ert ekki í ákveðnum feluleiki með sjálfan þig. Þá ert þú að losa þig undan ákveðnum kvíða og kemur fram hreinn og beinn. Ég hef að vísu ekki fengið kast í tvö til þrjú ár en þetta gæti alltaf komið fyrir. Það afléttir vissri pressu. Fólk verður líka bara að líta á þetta sem eitthvað tækifæri til að kynnast sjálfum sér betur. Vera sínir eigin sálfræðingar spyrja sig við hvað er ég hræddur, hvað er það sem stressar mig, hvernig get ég komist hjá því? Hvernig get ég orðið minna stressaður, minna

hræddur og ef fólk hefur einhverja trú þá getur hún hjálpað. Leggja þetta stundum í hendurnar á einhverjum öðrum og við sjáum hvað við getum gert sjálf og látum einhverja aðra um restina“. Það er skoðun Hilmis Snæs að mannhugurinn búi yfir ákveðnum lækningamætti og að hann geti læknað svo margt.

Verkefni framundan

Hilmi Snæ skortir aldeilis ekki verkefni. Hann er núna að leika í Ríkarði þriðja, með Fulla vasa af grjóti og í Veislunni sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. Í desember og eftir jól byrjaði hann að leika í þriggja þátta glæpasjónvarpsseríu eftir Önnu Valgarðsdóttur. Eftir jól fer hann einnig að leikstýra í Þjóðleikhúsinu og væntanlega að leika í einu leikriti til viðbótar. Hilmir Snær hefur líka komið við sögu í þýskum kvikmyndum en hann lék aðalhlutverkið í myndinni: Baunir klukkan hálf sex. Myndin verður sennilega á opunarhátíð í Berlín eftir áramót. „Ég á þá sennilega eftir að labba inn rauða dregillinn í febrúar,“ segir Hilmir Snær og hlær. Fyrr á árinu lék hann í annarri þýskri mynd sem heitir Blue print og verður hún frumsýnd í desember. Hilmir segir að það sé mjög holt að vinna annarsstaðar og kynnast nýju fólk og þannig losa sig aðeins af landinu. „Þannig að fólk fái ekki nóg af mér,“ segir þessi snjalli leikari að lokum.

/jbg, nóvember 2003



Tilkynnið aðsetursskipti!

Félagsmenn Laufs eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna aðsetursskipti þannig að tryggt sé póstur komist til skila. Tilkynnið breytingar á heimilisfangi í síma 551-4570 eða í netfangið: lauf@vortex.is

Flogaveiki og ökuréttindi

—að aka eða að aka ekki!

Akstur er mikil áhætta fyrir alla, tíð slys og andlát í umferðinni bera vott um það. Ástæður eru oft tengdar reynsluleysi ökumanna, of hröðum akstri, ölvunarakstri o.s.frv. Sjúkdómar t.d. sykursýki, heilablóðföll, hjartaáföll og fyrri heilsuvandi s.s. heilaáverki og sýkingar í miðtaugakerfi geta líka verið áhættuþættir. Flogaveiki er aðeins ein þessara heilsutengdu einkenna sem getur skapað áhættu og haft áhrif á möguleika fólks til að fá að taka bílpróf. Því miður er oft einhliða mynd dregin upp þegar orðið flogaveiki er nefnt. Margir átta sig til að mynda ekki á því að flog getur verið fyrsta vísbending um breytingar á heilsufari án þess að um flogaveiki sé að ræða. Það er lífseigur almennur misskilningur að ökumenn með flogaveiki séu hættulegir í umferðinni og allt og oft blása fjölmiðlar upp moldryki í sambandi við fréttir af óhöppum sem rekja má til flogakasts. Það er engin trygging gegn mannanna meinum í þessum efnun fremur en öðrum, slys gera sjaldnast boð á undan sér. Nútíma þjóðfélag geldur háa tolla fyrir þau nútímapægindi sem akstur vélknúinna ökutækja skapar og fæst okkar vilja vera án. Það eru því, og eiga að vera, ákveðin forréttindi að fá ökuleyfi. Við mat á hæfni til að öðlast þessi forréttindi er áhættan metin út frá almannaheill, því er að mörgu að hyggja við leyfisveitingu.

Sagan

Þegar bíllinn kom fyrst fram á sjónarsviðið á síðari hluta 19. aldar var talið að heilsufarsástand þar með talin flogaveiki gæti skapað hættu í umferðinni og skýrslur um dauðsföll sem rekja mátti til floga vöktu upp spurningar um öryggi. Því var fólki með flogveiki meinað að aka bifreið. Síðar, þegar krafist var að fólk hefði tilskilin réttindi til að aka, voru einstaklingar með flogaveiki útilokaðir frá þessum lífsgæðum. Um 1940 jókst lítillaga skilningur fólks á eðli flogveikinnar. Ljóst var að flog gátu tengst ákveðnu æviskeiði og að hægt var að hafa stjórn á þeim með lyfjagjöf. Einstaklingar með flogaveiki gátu því einnig ekið vélknúnuökutæki án þess að valda sjálfum sér eða öðrum tjóni.



Ökuskrírteini.


Lögin — er hægt að tryggja almannaheill og leyfa fólki með flogaveiki að aka?

Já, Íslendingar hafa fyrir löngu svarað þessari spurningu játandi og afnumið hefur verið einhliða bann sem áður gildi um akstur flogaveikra og samræmist á engan hátt aðstæðum fólks. Við ökuleyfisveitingu í dag þurfa allir að upplýsa um það hvort þeir séu með flogaveiki eða ekki. Þetta gildir einnig um leyfi til að aka vélknúnum bifhjólum. Ef svarið er játandi þarf greinargerð læknis að fylgja með umsókninni. Leyfisveiting er byggð á læknisfræðilegum forsendum. Ef læknir telur ekkert mæla gegn því að umsækjandi fái ökuréttindi er leyfið veitt. Mat lækna, hér á landi, byggist á því að umsækjandi hafi t.a.m. verið flogalaus í að minnsta kosti eitt ár eða flogaköstin hafi verið

bundin ákveðnum tíma s.s. eingöngu næturflug eða að umsækjandi fái alltaf það sem kallast fyrirboði. Ef heilsufar breytist af einhverjum ástæðum, eftir að ökuleyfi er fengið, er mjög mikilvægt að hætta öllum akstri. Það er óábyrgt, ólöglegt og jafnvel hættulegt ökumanni og öðrum að halda áfram að keyra án þess að hafa ráðfært sig við lækni. Forsendur leyfisveitingar í öðrum samfélögum eru mismunandi og í sumum löndum er fólki með flogaveiki enn þann dag í dag meinað að taka bílpróf.

Mismundi flog og áhrif þeirra á akstur

Flogaveiki er tímabundin breyting á meðvitund, hreyfingu eða skynjun sem orsakast vegna truflana á rafboðum heilans og augljóst er því að eitthvað af þessum breytingum, sérstaklega þegar um meðvitundarleysi er að ræða, geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef viðkomandi fær flogakast undir stýri. En meðvitundarleysi tengist alls ekki öllum flogum. Sum hafa eingöngu með skynjun að gera eða þau tengjast staðbundnum kippum. Þessi gerð floga hefur ef til vill ekki nein áhrif á aksturshæfni. Sumir upplifa fyrirboða þannig að þeir geta komið sér á „öruggt svæði“ áður en þeir fá flog. Aðrir fá flog sem eingöngu koma á meðan þeir sofa. Af þessum ástæðum er mjög mikilvægt að skoða um hverskonar flog er að ræða við mat á aksturshæfni. Reglur eru mjög mismunandi milli landa varðandi það hvað lagt er til grundvallar og hvort um er að ræða tímabil þar sem fólk hefur verið án floga í 3 eða 24 mánuði. Rannsóknir hafa sýnt að lækknur úr 12 mánaða flogalausum tímabili niður í 3 hefur ekki orðið til þess að auka slysatíðni og þegar talað eru um flogalaust tímabil verður almenn kynsemi ávalt að vera inn í myndinni. Flogamunstur fólks er mjög mismunandi og fólk sem fær alltaf flog á 4 mánaða fresti fær ef til vill ekki ökuleyfi þrátt fyrir 3 mánaða regluna. Í Bretlandi er t.d ekki gerður greinamunur á krampaflogum og einföldum staðbundnum flogum þegar ákvörðun um hæfni er metin. Innan Evrópusambandsins er unnið að lagasetningu um takmörkun á ökuleyfisveitingum. Í tillögum Þjóðverja og Hollendinga við reglugerð laganna er að finna nothæft módel fyrir innanlandsreglur þar sem greint er á milli mismunandi floga. Frjálsleg nálgun er leyfð ef hún samræmist læknisfræðilegum forsendum. Þetta beinir athyglinni að mikilvægi rannsókna á hugs-



Blínn er fyrir marga tákni um frelsi og nútímaþægindi.

anlegri áhættu sem tengist flogaveiki og öðrum þáttum s.s. ungum aldri og kynferði. Í samfélögum sem líða miklu meiri áhættu en flogaveiki virðast flest núverandi lög óþarflega ströng og ekki nógu næm gagnvart því á hve fjölbreyttan máta fólk upplifir flogaveiki.

Leiðarljós fyrir ökumenn

Við erum oft misvel fyrirkölluð, veikindi, svefnleysi og annað hefur áhrif á hæfni okkar til að takast á við krefjandi verkefni dagsins t.d. því að aka bíl. Ef við erum með langvinnan sjúkdóm getur næmni fyrir ýmsum innri og ytri þáttum verið meiri en almennt gerist. Mikilvægt er því að sýna sérstaka aðgætni og gott er að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- c Ef þú er þreytt/ur reyndu þá að forðast að keyra í margar klukkustundir í senn. Ef ekki verður öðru viðkomið, reynið þá að hvíla ykkur með vissu millibili og best er að hafa einhvern sem hægt er að deila akstrinum með
- c Akið ekki langar vegalengdir án svefnis og matar
- c Takið alltaf lyf samkvæmt læknisráði
- c Ekki aka ef lyfjataka hefur gleymst
- c Hættið öllum akstri meðan verið er að breyta lyfjagjöf þar til lækni telur óhætt að hefja akstur að nýju
- c Hættið öllum akstri ef breytingar verða á flogum eða flogamunstri
- c Forðist að aka ef aukaverkanir lyfjanna hafa áhrif á aksturshæfni

LAUF þakkar eftirtöldum stuðninginn

Reykjavík

ABC ehf endurskoðun, Borgartúni 22
 Aðalblíkk ehf, Vagnhöfða 19
 Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10
 Aleflí ehf byggingaverktakar,
 Dalhúsum 54
 Alþýðusamband Íslands, www.asi.is,
 Sætúni 1
 American Style, Skipholti 70
 Arkís ehf, Skólavörðustíg 11
 Atorka ehf, Skúlatúni 4
 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
 Stuðlahálsi 2
 Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
 Basecamp Ísland ehf, Bildshöfða 18
 Bergdal ehf, Vatnagörðum 12
 Betra líf ehf, Kringlunni 8
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílamálun Halldórs P Nikulássonar,
 Funahöfða 3
 Björgun ehf, Sævarhöfða 33
 Bókhalðspjónustan Viðvík ehf,
 Skeifunni 4
 Bólstrunin, Miðstræti 5
 Bón- og þvottastöðin ehf, Sóltúni 3
 Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
 Brynjar Þór Nielsson lögmaður,
 Lágmúla 7, 6 hæð
 Búlki ehf, Gufunesi
 Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni
 Hagatorgi
 Dagvist barna, Hafnarhúsinu
 Tryggvagötu 17
 DHL Á ÍSLANDI, Skútuvogi 1e
 Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
 Einingaverksmiðjan ehf,
 Breiðhöfða 10
 Endurskoðunarskrifstofa,
 Laugavegi 178
 Engey ehf, Bildshöfða 18
 Engjaskóli, Vallengi 14

Faktor einkaleyfaskrifstofa ehf,
 Sólvalлагötu 48
 Farmanna- og fiskimannasamband
 Íslands, Borgartúni 18
 Fasteignamarkaðurinn ehf,
 Óðinsgötu 4
 Fasteignamat ríkisins, Borgartúni 21
 Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
 Fasteignasalan Híbyli ehf, Suðurgötu 7
 Feró ehf, Steinaselí 6
 Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34
 Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
 Fiskbúðin, Freyjugötu 1
 Fiskbúðin Hafrún ehf, Skipholti 70
 Fiskverslun Hafliða Baldvínssonar ehf,
 Fiskislóð 30
 Flugfélagið Atlanta hf,
 Höfðabakka 9, 7 hæð
 Forsætisráðuneytið,
 Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
 FöniX ehf, heimilistækjaverslun,
 Hátúni 6a
 Gámaþjónustan hf, Súðarvogi 2
 Gissur og Pálmi ehf, byggingaverktaki,
 Álfabakka 14a
 Gistiheimilið Jörð, Skólavörðustíg 13a
 Gjögur ehf, Grenivík,
 Tómasarhaga 46
 Gró ehf, Skútuvogi 10b
 Guðmundur Jónasson hf,
 Borgartúni 34
 Hafsúlan, hvalaskoðunar- og
 skemmtiferðaskip,
 Hagbót ehf, Síðumúla 9
 Hampiðjan hf, Bildshöfða 9
 Handlæknastöðin ehf, Álheimum 74
 HappaHúsið, Kringlunni 4-12
 Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur,
 Miðleiti 7
 Hárgreiðslustofan Valhöll, Óðinsgötu 2
 Heilsugæslan í Reykjavík,
 Barónsstíg 47
 Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf,
 Suðurlandsbraut 12

Heyrnartækni ehf, Álheimum 74
 Hjál Hrafnhildi, Engjavegi 5
 Hjálparstarf kirkjunnar, Laugavegi 31
 Hjálpræðisherinn í Reykjavík,
 Kirkjustræti 2
 Hnit hf, verkfræðistofa,
 Háaleitisbraut 58-60
 Hrafnista, dvalarheimili aldraðra,
 Hafnarfirði og Reykjavík
 Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 35
 Hreyfimyndasmiðjan ehf,
 Garðsenda 21
 Hring sjá, starfsþjálfun fatlaðra,
 Hátúni 10b
 Húsakaup, Suðurlandsbraut 52
 Húsgagnaverslunin Heimilisprýði,
 Hallarmúla 1
 Húsgögn ehf., Bildshöfða 14
 Hvíta húsið hf, auglýsingastofa,
 Brautarholti 8
 Höfði fasteignamiðlun ehf,
 Suðurlandsbraut 20, og
 Bæjarhrauni 22
 Hönnun hf, Grensásvegi 1
 Ingvar Helgason hf, Sævarhöfða 2
 Internet á Íslandi Isníc, Dunhaga 5
 Ísbú alþjóðaviðskipti ehf,
 Hólmaslóð 4
 Íslandsbanki hf, Stórhöfða 17
 Íslenskar getraunir, Engjavegi 6
 Íspólar ehf, Grandagarði 14
 Íþróttabandalag Reykjavíkur,
 Engjavegi 6
 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
 J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
 Johan Rönning hf, Sundaborg 15
 Kapalþjónustan, Safamýri 85
 Kapólska kirkjan á Íslandi,
 Hávallagötu 14-16
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Kjöt hf, kjötvinnsla, Grensásvegi 48
 Klébergsskóli,
 Knattspyrnusamband Íslands,
 Laugardal

112
 EINN EINN TVEIR
NEYÐARLÍAN



Linda

Bæjarhrauni 24 • 220 Hafnarfjörður
 Sími 555 3466

- c Drekkið aldrei áfengi áður en sest er undir stýri. Jafnvel örllítið áfengismagn getur haft áhrif á virkni lyfja og aksturshæfni
- c Ef þú er viðkvæm/ur fyrir birtu, og áhrifum ljóss og skugga, geta góð sólgleraugu komið sér vel

Ótti við að missa ökuleyfi, og þar með það frelsi sem felst í því að geta eins og riddari götunar ekið sína leið, er ef til vill megin ástæða þess að sumir kjósa að upplýsa ekki um flogin. Slíkt er bæði mjög hættulegt og heimskulegt. Þannig setur fólk sjálft sig og aðra í mikla hættu. Ef fólk lendir í slysi er það ábyrgt fyrir tjóninu og það getur einnig verið brotlegt gagnvart hegningarlögum. Ef þú veist innst inni að þú ættir ekki að keyra gerðu þá það eina skynsamlega í stöðunni og stöðvaðu bifreiðina. Ýmsir aðrir möguleikar koma til greina s.s. leigubifreiðar, að deila fari með öðrum, nota almenningsvagna, hjóla (ef það er öruggt) og ganga. Ef til vill þarf að íhuga breytingar á búsetu þannig að aðgengi batni að þeim stöðum sem nauðsynlegt er að nota dagsdaglega. Slíkar breytingar á eigin högum eru betri heldur en að setja sjálfan sig eða aðra í hættu.

Tryggingar og akstur erlendis

Hjá tryggingafélögum gildir almennt sú regla að þeir sem eru með flogaveiki njóta sömu réttinda til bifreiðatrygginga og allir aðrir.

Breytilegt er hvaða lög og reglur gilda innan mismunandi landa og einnig innan hinna mörgu fylkja Bandaríkjanna. Þeim sem vilja kynna sér reglur annarra landa er bent á að hafa samband við viðkomandi sendiráð. Félagsmenn í Félagi íslenskra bifreiðaeigenda geta leitað eftir upplýsingum þar. Einnig er hægt að snúa sér til samtaka flogaveikra í viðkomandi landi og Lauf getur verið fólk inn handar við að hafa upp á öðrum samtökum.

Að lokum

Mikilvægt er að forðast allar alhæfingar þegar fjallað er um flog og óhöpp í umferðinni. Á öllum öikumönnun hvílir sú ábyrgð að stofna hvorki sjálfum sér né öðrum í hættu. Í þeim tilvikum sem flogaveiki hefur áhrif á meðvitund er ígrundað mjög vel hvaða áhætta gæti hlotist af leyfisveitingu bæði fyrir einstaklinginn og aðra. Strangar

reglur og ósveigjanleg boð og bönn hafa aldrei orðið til þess að koma í veg fyrir lögbrot né óhöpp. Þvert á móti er áhættan sú að í slíku samfélagi viðhaldi það útskúfun og útiloki fólk frá ákveðnum lífsgæðum þannig að fólk neyðist til að leynast og dragi á langinn að leita sér hjálpar. Þáttur lækna í því að meta hæfni fólks til að aka vélknúnum ökutækjum og hvaða áhrif sjúkdómar geta haft á hana er mikilvægur, en það verða að vera til lög og reglur sem kveða skýrt á um það hvernig samfélagið vill að leyfisveitingu sé háttad. Allir eiga þann rétt að tekið sé á málum þeirra á sanngjarnan hátt og umfjöllun á að vera upplýsandi og leggja áherslu á að eyða ranghugmyndum og fordómum. Það eru meiri en 90 ár síðan fyrsta lyfið við flogaveiki kom fram á sjónarsviðið og undanfarna áratugi hafa læknávisindin unnið marga sigra í sambandi við meðferð gegn flogum sem bætt hafa lífsgæði mikið. Útilokun frá nútíma þægindum sem byggði á þekkingar- og úrræðaleysi síðust aldar og ástunduð var á frumdögum bifreiðarinnar á ekki við í upplýstu nútímasamfélagi.

Heimildir og frekari upplýsingar

- European White Paper on Epilepsy. EUCARE. 2001
- Félag Íslenskra bifreiðaeigenda
- Heimasíða Laufs; www.lauf.is
- International Epilepsy News No 2 — 2003
- Partial Seizure Disorders. Help for Patients and Families. Mitzi Waltz. USA 2001
- Vátryggingafélag Íslands
- Umferðastofa

Jónína Björg Guðmundsdóttir félagsráðgjafi og verkefnastjóri fræðslu



LAUF þakkar eftirtöldum stuðninginn

Konan, tískuvörverslun,
Skólavörðustíg 10
Kópsson - Bílaþríf, Bildshöfða 6
Kórall sf, Vesturgötu 55
KPMG endurskoðun hf, Borgartúni 27
Kr. Porvaldsson & Co ehf,
Sundaborg 9
Kvinnaskólinn í Reykjavík,
Frikirkjuvegi 9
Kynning og markaður - KOM ehf,
Borgartúni 20
Landslagsarkitekt Mogensen ehf,
Viðihlíð 45
Landssamtök hjartasjúklinga,
Síðumúla 6
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16
Leikskólinn Hamraborg, Grænuhlíð 24
Lýfjadreifing ehf, Krókhálsi 14
Lýsing hf, Suðurlandsbraut 22
Lögræðiskrifstofa Arnar Clausen,
Barónsstíg 21
Lögreglustjórinn í Reykjavík,
Hverfisgötu 115
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Margt smátt ehf,
Guðriðarstíg 6-8
Matthías ehf, Vesturfold 40
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar,
Skiptiholti 23
Meistararæfni ehf, Vesturlandsvegi
MMC Fisktækni, Stangarhyl 6
Morgunblaðið, Kringlunni 1
Múr- og málningarpjónustan Höfn ehf,
Réttarhálsi 2
Námshólar Reykjavíkur,
Frikirkjuvegi 1
Nonnabiti, Hafnarstræti 18
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins,
Borgartúni 35
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ottó B. Arnar ehf, Ármúla 29
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30

Pökkun og flutningar ehf,
Smíðshöfða 1
Rafloft ehf, Súðarvogi 20
Raf-Ós hf, Kambaseli 21
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Rafvirkjapjónustan ehf, Torfufelli 11
Raförnninn ehf, Suðurhlíð 35
Reiknistofa bankanna, Kalkofnsvegi 1
Reykjavíkurhöfn, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Rikki Chan, veitingasala, Kringlunni og
Smáratorgi
RST Net ehf, Smíðshöfða 6
Ræsir hf, Skúlagötu 59
S.B.S. innréttingar, trésmíðja,
Hyrjarhöfða 3
Safalinn ehf, Dugguvogi 3
Samiðn, Suðurlandsbraut 30
Securitas hf, Síðumúla 23
Seljakirkja, Hagaseli 40
Seljaskóli, Kleifarseli 28
Sindra - Stál hf, Klettagörðum 12
SÍBS, Síðumúla 6
Skógarbær, hjúkrunarheimili,
Árskógum 2
Skóverslunin Bossanova,
Bankastræti 4
Skúlason og Jónsson ehf,
Skútvogi 12h
Skúli H Norðdahl FAÍ, Viðimel 55
Skyggna-Myndverk ehf, Skipholti 6
SKÝRR hf, Háaleitisbraut 9
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
SORPA, Gufunesi
Sprinkler pípulagnir ehf, Bildshöfða 18
Starfsgreinasamband Íslands,
Sætúni 1
Subway ehf, Austurstræti 3
Suzuki-bílar hf, Skeifunni 17
Svefn og heilsa ehf, Engjateigi 17-19
Sætoppur ehf, Eyjaslóð 7
Sæþór ehf, Smíðshöfða 21
Talnakönnun hf, Borgartúni 23

Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Hauks Þorsteinssonar,
Óðinsgötu 4
Tannlæknastofa Ketils Högnasonar,
Snorrabraut 29
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar,
Ingólfsstræti 3
Timor ehf, Réttarhálsi 2
Trésmíðja Magnúsar F Jónssonar,
Súðarvogi 54
Trésmíðjan Kompaniíð hf,
Bildshöfða 18
Tríóla, hljóðfærasmíði, Grettisgötu 48
Tryggingamiðstöðin, Aðalstræti 6
Tryggingastofnun ríkisins,
Laugavegi 114
Uppdæling ehf, Fosshálsi 1
Uppþök ehf, Síðumúla 33
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf,
Vesturhlíð 2
Vaka ehf, björgunarfélag, Eldshöfða 6
Vátryggingafélag Íslands hf, Ármúla 3
Veggspor, Stórhöfða 17
Verðbréfaskráning Íslands hf,
Laugavegi 182
Verðbréfastofan hf,
Suðurlandsbraut 18
